

EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 10

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 8/10 – 9/10

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetja línuslóð og hafa eftirlit með umgengi og frágangi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar

Ábendingar: **Svæði 1.** Náma við Ferjuás. Náman er ófrágengin og línuvegur liggar nærri stálinu sem takmarka svigrúm til frágangs. Ef ekki eru fyrirliggjandi hugmyndir um nýtingu námunnar í allra næstu framtíð ætti að ganga frá námunni. Best hefði verið að móta fláa samhliða efnistökunni, en stálið eins og það er í dag getur staðið um langa hríð. Færa þarf línuveg frá stálinu og brjóta það niður, en leggja jafnframt áherslu á að náman verði ekki sýnileg frá Öskjuleið. Þar sem slóðir eru lagðar í farvegi til að draga úr hættu á úrrennsli. Þetta á við um námuna og einnig veg að mastri 105.

Línuvegur frá mastri 104 til vestur kemur vel út, en þarna þarf að hirða hnnullunga og gróft efni úr köntum. Við frágang námu og skeringa á að leggja áherslu á að móta hóla og hryggi að nýju með sama halla og í öröskuðu landi og hafa grjótdreifar á yfirborði í samræmi við óraskað land.

Í Fjallgjá ætti ekki að taka leirkennt efni úr sléttu þar sem prufuhola hefur verið tekin. Valta ætti veginn í botni gjárinnar og kanna hvort slík aðgerð nægi ekki til að fá burð. Þar sem þörf verður fyrir efni milli mastra 86 og 87 ætti að taka leirkennt efni við melgresishóla þar sem keyrt er niður í gjána og leggja áherslu á að grafa ekki gryfjur heldu skafa efni af yfirborði í samfelldu lagi. Þar sem ýta hefur jafnað slóðina myndast rastir sem ætti að keyra niður þegar efni hefur verið keyrt í slóðina.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Ganga frá námun og huga að mögulegu úrrennsli þar sem vegur er lagður í vatnsfarvegi sem sýnast vera virkir.

18. október 2019, Björn Stefánsson


f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.